

Ár 2007, fimmtudaginn 14. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna breytingu á launum þeirra sem undir kjararáð heyra samkvæmt lögum nr. 47/2006 um kjararáð

I.

Í samkomulagi fjármálaráðherra við háskólamenntaða starfsmenn ríkisins sem undirritað var 28. febrúar 2005 (BHM) var samið um sameiginlega launatöflu og breytingar á launakerfi. Í tengslum við það varð meðal annars samkomulag um að heildarkostnaður við breytingarnar og þróun á nýju launakerfi yrði 2,6% af launakostnaði í maí 2007. Svipuð ákvæði voru í öðrum kjarasamningum sem fjármálaráðherra gerði við ríkisstarfsmenn á þessum tíma.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal ráðið taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til. Í 8. gr. laga um kjararáð segir að við úrlausn mála skuli kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. skuli kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Kjararáð telur, með vísan til breytinga á launum og launakerfi ríkisstarfsmanna samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi, að nú sé tilefni til breytinga á launum þeirra sem ráðið ákveður laun. Laun flestra þeirra hafa verið ákveðin þannig að þau skiptast í mánaðarlaun og fastar greiðslur fyrir yfirvinnu, svokallaðar einingar. Sendiherrar fá þó ekki greiddar yfirvinnueiningar meðan þeir eru við störf erlendis. Sýslumenn fá hluta launa sinna greiddan með hliðsjón af árangri þeirra við innheimtu tiltekinna skatta. Kjararáð hefur ákveðið að breyta nú samsetningu heildarlauna þannig að mánaðarlaun hækki, yfirvinnueiningum fækki og ákvæði um árangurstengdan hluta launa sýslumanna verði breytt. Með þessu hækkar hlutfall mánaðarlauna (dagvinnulauna) af heildarlaunum hjá öðrum en forseta Íslands, ráðherra og alþingismönnum, en laun þeirra eru ákveðin með öðrum hætti.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að hækka mánaðarlaun þeirra sem það ákveður laun um þrjá launaflokka og fækka um leið yfirvinnueiningum um 7, með þeim undantekningum sem fram koma í ákvörðunarorði. Hver eining er nú 5.462 krónur. Þá hefur kjararáð ákveðið að breyta stuðli útreiknings á þeim hluta launa sýslumanna sem tekur mið af innheimtuárangri. Breytingar þessar leiða til þess að heildarlaun hækka um 2,6% að meðaltali, sem ekki er í ósamræmi við almenna þróun kjaramála á vinnumarkaði. Laun alþingismanna, ráðherra og forseta Íslands hækka til samræmis.

II.
Ákvörðunarorð

Frá 1. júlí 2007 breytast laun þeirra sem undir kjararáð heyra sem hér segir:

Mánaðarlaun forseta Íslands, alþingismanna og ráðherra hækka um 2,6%.

Mánaðarlaun annarra embættismanna sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til hækka um 3 launaflokka. Yfirvinnueiningum þeirra fækkar um 7.

Mánaðarlaun sendiherra hækka um einn launaflokk. Einingum sendiherra sem starfa á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins fækkar um tvær.

Mánaðarlaun forstöðumanns Listasafns Einars Jónssonar hækka um einn launaflokk. Einingagreiðslur hans falla niður. Mánaðarlaun forstöðumanna heilsugæslustöðva sem hafa 5 yfirvinnueiningar hækka um tvo launaflokka. Einingagreiðslur til þeirra falla niður.

Sá hluti launa sýslumanna sem tekur mið af innheimtuárangri reiknast þannig að stundafjöldi til greiðslu í hverjum mánuði skal vera 1,1355 í veldinu (ih-70), þar sem ih er innheimtuárangur í hundraðshlutum.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir